



Ljósmynd: Sigurður Hildverson

Leiðigarður, þvergarður, keilur og upptakastoðvirki Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, Tröllagiljasvæðið

Um er að ræða um 660 m langan þvergarð, um 420 m langan leiðigarð og 24 snjóflóðavarnarkeilur á Tröllagiljasvæðinu í Neskaupstað. Verkefnið samanstóð af þremur útboðsverkum. Fyrsta útboðið fólst í framleiðslu stoðvirkja, þ.e. hönnun, smíði og afhendingu á um 1.900 m af stoðvirkjum úr stáli (stálgrindum eða grindum) fyrir upptakavæði snjóflóða í Innra- og Ytra-Tröllagili ofan byggðar í Neskaupstað. Annað útboðið fólst í uppsetningu stoðvirkjana á þessum upptakavæðum. Þriðja útboðið fólst í að reisa snjóflóðavarnargarða og keilur á úthlaupssvæði snjóflóða úr Tröllagiljum. Mótun yfirborðs skeringa flóðmegin við garða og jöfnun yfirborðs garða hlémeigin var einnig hluti af verkinu, svo og gerð vinnuvega, varanlegra vegslóða, gangstíga og áningarstaða.

Verkkaupi:	Fjarðabyggð
Umsjón og eftirlit:	Framkvæmdasýsla ríkisins
Aðstoð við eftirlit:	Mannvit verkfræðistofa hf.
Ráðgjafi á frumhönnunarstigi:	Verkís hf.
Hönnun stálgrinda:	Mair Wilfried GmbH
Hönnun garða og keilna:	EFLA verkfræðistofa hf. og Landmótun sf.
Verktaki við framleiðslu og smíði stoðvirkja:	Mair Wilfried GmbH
Verktaki við uppsetningu stoðvirkja:	Köfunarþjónustan ehf.
Verktaki við garða og keilur:	Héraðsverk ehf.
Kostnaður við stoðvirki, smíði og uppsetningu:	710 m.kr. á verðlagi hvers árs
Kostnaður við garða og keilur:	1.400 m.kr. á verðlagi hvers árs
Heildarkostnaður:	2.110 m.kr. á verðlagi hvers árs
Verktími:	2008 til 2017

Varnargarðarnir á Tröllagiljasvæðinu eru mikilfengleg mannvirki sem mynda ný viðmið í Neskaupstað.

Frá upphafi 20. aldar hafa 210 látist í snjóflóðum og skriðuföllum á Íslandi, þar af 170 í snjóflóðum. Flest þessara flóða féllu í sjávarbyggðum sem byggst hafa upp í þröngum fjörðum við brattar fjallshlíðar. Sautján einstaklingar hafa látið lífið af völdum snjóflóða á Norðfirði. Markmið með byggingu garðanna er að taka við snjóflóðum, stöðva flóðin og beina hluta þeirra í sjó. Við gerð

snjóflóðavarnarmannvirkjana var jafnframt horft til þess að nýta mannvirkin til útivistar. Göngustígar, bílastæði og áningarstaðir opna útivistarmöguleika rétt við íbúðabyggðina. Hægt er að ganga eftir gördunum endilöngum og njóta útsýnis yfir byggðina og út Norðfjörð.